

Bréf íbúa í hverfinu dags. 28. október 2022 um lokun á Rauðalæk.

Sæl.

Ég er með erindi sem á kannski heima hér en það er lokunin á Rauðalæk sem var gerð „tímabundið“, eða þannig var þetta kynnt fyrir okkur sem búum við götuna.

Okkur var sagt að þetta væri s.s. tímabundið, að það yrði opnað svo og jafnvel kosið um lokun eða ekki. Þessu var lokað, það var ekki opnað aftur og kosning, ef einhver var, var ekki eins og kosning á að vera. Við fengum ekki að sjá úrslitin jafnvel þrátt fyrir að hafa skrifast á þann sem átti að sjá um hana og póstum um það ekki svarað.

Engar rannsóknir hafa eða höfðu verið gerðar fyrir eða eftir lokunina. Það sem við sjáum er að eftir lokunina þá er gatan í órækt, þ.e. fræst upp, efri hlutinn – en ekki malbikað, ekki snyrt, ekki sópuð eða þvegin eins og aðrar götur. Lokunin þýðir líka að bílastæðum hefur fækkað um a.m.k. 4–6 og í þessari götu munar um það. Þá er bílum lagt öfugt og illa vegna lokunarinnar. Það er lögbrot.

Það hafa engar rannsóknir eða athuganir verið gerðar á áhrifum lokunarinnar á nærliggjandi götur og breytingum á umferðinni þar. Eins og við vitum best til sem búum hér, þá fer a.m.k. 2-3 sinnum fleiri bílar á milli Laugalækjarskóla og leikskólana á Leirulæk og Sundlaugarinnar í Laugardal heldur en fyrir lokun. Þetta er aðal slyasvæðið í hverfinu og hér er mest í húfi. Hér hef ég verið vitni að alvarlegu slysi við gangbrautina við sundlaugarnar. Ég er búinn að búa hér við götuna í meira en 50 ár og ég er ekki að skilja þvermóðskuna gegn því að opna eða hafa opið.

Einhverjir sem ég hef heyrt í hafa notað gegnumakstur sem tylliástæðu, ég hef ekki orðið var við að einhverjir hafi verið að aka vinnubílum hér í gegn eða trukkom yfir 5 hraðahindranir og þrengingu efst í götunni sem trukkar ná ekki einu sinni að komast í gegn um.

Einhverjir hafa nefnt slys í götunni, en ég finn bara eitt sem var hér neðst í götunni fyrir 20 árum, en það hefði kannski átt frekar að skrást á minniháttar slys á Laugalæk.

Snjómokstur er enn eitt vandamálið. Eftir lokunina þá er lokunin sjálf einn risa haugur af snjó. Þá fara 6-8 bílastæði í viðbót undir hauginn.

Og ennþá hafa engar rannsóknir verið gerðar á afleiðingum lokunarinnar!

--

Með bestu kveðju / With Best regards,

Steinþór Bjarni Grímsson  
Rauðalæk 33  
gsm: 694-3979